

# Setningafræði

Röð orða í setningu

# Setning

- Felur í sér *frumlag* - *sögn* - *andlag*.
- **Frumlag** er oftast nafnorð eða fornafn í nefnifalli.
  - Sveinn sparkar í bolta.
  - Hún las bókina.
  - Við mætum í skólann kl. 8:30
- **Sögnin** segir til um hvað persónan gerir.
- **Andlag** er fallorð í aukafalli (þolfalli, þágufalli, eignarfalli) og er þolandinn í setningunni, sá sem verður fyrir því sem sögnin segir.

# Málsgrein

- Málsgrein byrjar alltaf á stórum staf og endar á punkti, upphrópunarmerki eða spurningarmerki.
- Málsgrein getur innihaldið eina eða fleiri setningar.
  - Strákurinn sparkaði boltanum fast í markið. -> ein setning og ein málsgrein.
  - Strákurinn sparkaði boltanum fast í markið og fagnaði mikið þegar boltinn lenti í netinu. -> tvær setningar og ein málsgrein.



# Forsetning á undan nafnorði

- Forsetning er óbeygjanlegt smáorð.
- Forsetning stendur á undan nafnorðinu.
  - Ég er að fara í skólann.
  - Amma fór **á** tónleika í gær.
  - Ómar kom **úr** búðinni og eldaði matinn.
  - Börnin gengu **frá** matnum og þurrkuðu **af** borðinu.

# Sögn fremst í já/nei spurningu

- Ef sá sem spyr spurningu vill fá *já eða nei svar* er sögnin (sagnorð) fremst í setningunni.
  - *Ferðu* í íslenskutíma á eftir?
  - *Ertu* búinn í skólanum?
  - *Viltu* fá far í skólann?
  - *Eigum* við að fá okkur að borða?

# Neitun (ekki)

- Oftast kemur neitun (ekki) á eftir sagnorði í setningu.
  - Ég *skil* ekki málfræði (sögnin að *skilja*).
  - Börnin *vilja* ekki borða fiskibollur (sögnin að *vilja*).
  - Lögreglumaðurinn *sektaði* ekki konuna sem keyrði of hratt (sögnin að *sekta*).
- Ef neitun er notuð með hjálparsögn (t.d. sögnin hefur) er neitunin á milli hjálparsagnar og aðalsagnar.
  - Nemandinn **hefur** ekki **komið** til Íslands áður.  
                  hjálparsögn                   aðalsögn

# Eignarfornöfn

- Eignarfornöfn standa fyrir aftan nafnorðið sem það á við.
  - Pabbi **minn** er læknir.
  - Skólataskan **þín** er mjög flott.
  - Stelpan er ánægð með nýja boltann **sinn**.
  - Er hundurinn **þinn** nokkuð grimmur?
  - Mamma **mín** og systir **mín** eru báðar dökkhærðar en pabbi **minn** er ljóshærður eins og ég.